



Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9500 postur@mrn.is
menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 14. júlí 2021
Tilv.: MMR20110365/2.2.5.2

Efni: Óskað tilnefninga í skólanefndir framhaldsskóla í Reykjavík

Samkvæmt 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, skipar mennta- og menningarmálaráðherra skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm menn, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Skipunartíma nokkurra skólanefnda við framhaldsskóla í Reykjavík er að ljúka í september, október og nóvember nk. Af ofangreindu tilefni er þess farið á leit, að Reykjavíkurborg tilnefni tvo aðalfulltrúa og aðra tvo til vara í skólanefndir eftirtalinna skóla: Fjölbautaskólinn í Breiðholti, Fjölbautaskólinn við Ármúla, Kvennaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Menntaskólinn við Sund.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Hlutfall kvenna skal þó aldrei vera minna en 40%. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Mælt er til þess að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta og eigi síðar en 1. september nk. Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang og **netfang** tilnefndra aðila fylgja. Ef svar sendist ráðuneytinu í tölvuskeyti þá vinsamlegast sendið á **mrn@mrn.is**.

Fyrir hönd ráðherra

Björg Pétursdóttir

Ásta María Reynisdóttir

